

**Hrafnkell Lárusson**

# **Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Austfirðinga**

**2010**



Bílferjan Smyrill á Seyðisfirði. Vorið 1975 hóf Útgerðarfélagið Smyrilline siglingar til Seyðisfjarðar og kom Smyrill í fyrsta skipti til hafnar þar 14. júní það ár. Þar með opnuðust landsmönnum möguleikar á að taka ökutæki sín með í ferðalag til útlanda og að sama skapi tóku að koma til landsins erlendir ferðamenn á eigin farartækjum. Ferjan tók um 500 farþega og 150 bíla. Að ferðast með gamla Smyrli þótti heilmikið ævintýri þó heldur sýnist nú farkosturinn smár þegar horft er til þeirra skipa sem seinna urðu arftakar hans. Smyrill var í þessum siglingum til ársins 1983 er Norræna tók við. Myndin er úr myndasafni Jónasar Jónassonar frá Kolmúla. Ártals er ekki getið.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fulltrúaráð og stjórn.....	4
Starfsfólk og opnunartími.....	5
Rekstur.....	7
Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni.....	8
Sýningar, útgáfustarf o.fl.....	15
Ljósmyndasafn Austurlands.....	17
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar.....	18
Lokaorð.....	20
Skrá yfir afhendingar á árinu 2010	

## Forsíðumynd:

Fáar myndir virðast vera til af byggðinni á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, þar sem nú eru rústir einar. Á Vestdalseyri var fram undir miðja síðustu öld tölverð byggð sem um tíma státaði m.a. af kirkju, skólahúsi, ljósmyndastofu, blaðaútgáfu og útgerð. Ekki hefur enn tekist að fá nöfn á húsin á eyrinni en bærinn efst undir klettinum er Foss, býli Hallfríðar Brandsdóttur ljósmóður og Magnúsar Sigurðssonar. Myndin er úr safni Jóns B. Guðlaugssonar en tökuár er óvisst. Myndin er ein af fjölmörgum sem hafa verið skannaðar og skráðar í ljósmyndaverkefninu sem hófst hjá safninu í upphafi árs 2011.

## Inngangur

Árið 2010 var líkt og árin tvö á undan safnað með skipulegum hætti upplýsingum um fjölda gesta sem koma í safnið, sem og fjölda erinda og skjalabeiðna.

Á árinu 2010 dreifðust gestir fremur ójafnt á árið, en alls voru gestir 1645 talsins. Þegar árið var hálfnað höfðu alls 1032 gestir komið í safnið sem er mesti fjöldi á einum árshelmingi síðan byrjað var að telja gesti með skipulegum hætti. Af einstökum mánuðum á fyrri helmingi ársins voru flestir gestir í febrúar (258) og næstflestir í mars (206) en fæstir í júní (121). Mikil breyting varð hins vegar á síðari hluta ársins en á því tímabili voru gestir í safninu alls 613. Þá voru flestir mánuðir með um eða yfir 100 gesti og vekur athygli að í ágústmánuði (sem var sá mánuður sem flestir gestir komu í safnið á síðari helmingi ársins) kom 121 gestur í safnið, jafnmargir og í júní sem var sá mánuður á fyrri hluta ársins sem fæstir gestir komu í safnið. Annars sker einn mánuður ársins sig úr hvað snertir fáa gesti, það er desember en þá voru gestir aðeins 74.

Hafa ber í huga að utan við gestatalninguna eru þeir gestir sem sóttu helstu viðburði í Safnahúsinu á árinu. Áætla má með nokkurri vissu að fjöldi gesta á þessum atburðum hafi samanlagt verið á bilinu 400-500 talsins.

Afhendingar til safnsins voru einni færri en árið á undan eða 63 talsins, þar af voru 13 myndaafhendingar. Stærsta afhending ársins var hins vegar þegar til safnsins komu 136 öskjur með skjölum frá Ríkisútvarpinu á Austurlandi. Af öðrum afhendingum má nefna ýmis skjöl frá Framfarafélagi Fljótsdalshéraðs (frá stofnun félagsins og fram til 2007) og afhendingu gjörðabóka úr starfi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Einnig barst safninu töluvert af kynningarefni sem framboð til sveitar- og bæjarstjórna á starfssvæði safnsins sendu frá sér fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á árinu, en forstöðumaður sendi forsvarsmönnum framboða á svæðinu beiðni um að fá sent kynningarefni og voru skil með ágætum.

## Fulltrúaráð og stjórn

	<u>Aðalfulltrúar</u>	<u>Varafultrúar</u>
Vopnafjarðarhreppur	Ólafur B. Valgeirsson	Þorsteinn Steinsson
Fljótisdalshreppur	Sigmar Ingason	Sólveig Ólafsdóttir
Fljótisdalshérað	Ragnhildur Rós Indriðadóttir	Sigrún Blöndal
Borgarfjarðarhreppur	Björn Aðalsteinsson	Kristjana Björnsdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður	Ólafur H. Sigurðsson	Vilhjálmur Jónsson
Fjarðabyggð	Pétur Sörensson	Gunnlaugur Sverrisson
Breiðdalshreppur	Páll Baldursson	Anna Margrét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur	Ólafur Eggertsson	Gauti Jóhannesson

Aðalfundur fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins var haldinn þann 25. nóvember 2010 í Kaffi Sumarlínu á Fáskrúðsfirði. Á þann fund mættu, auk forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins, allir kjörnir aðalmenn í fulltrúaráði safnsins, auk tveggja fráfarandi fulltrúa. Tveir nýir fulltrúar sóttu fundinn en hinir sex voru endurskipaðir af sínum sveitarfélögum.

Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Við stjórnarkjör voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Formaður: Ólafur H. Sigurðsson  
Varaformaður: Páll Baldursson  
Ritari: Ragnhildur Rós Indriðadóttir

Meðstjórnendur: Pétur Sörensson  
Ólafur Valgeirsson

Varamenn: Sigmar Ingason  
Ólafur Eggertsson

Við lok aðalfundar bauð Ólafur H. Sigurðsson, fulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar, að aðalfundur Héraðsskjalasafnsins árið 2011 verði haldinn á Seyðisfirði. Var því boði vel tekið.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu (18. mars, 4. maí, 8. júní, 14. október og 25. nóvember). Fundargerðir þeirra allra sem og aðalfundar fulltrúaráðsins má sjá á vefsíðu safnsins: [www.heraust.is](http://www.heraust.is) Þar er jafnframt að finna töluvert af eldri fundargerðum. Að auki voru haldnir tveir samráðsfundir vegna málefna Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar (21. janúar og 18. mars).

## Starfsfólk og opnunartími

Fastir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins voru þrír á árinu, samtals í 2,75 stöðugildum. Hrafnkell Lárusson forstöðumaður var í 100% starfi, Arndís Þorvaldsdóttir í 75% starfi og Guðgeir Ingvarsson í 100% starfi og voru störf þeirra með svipuðu sniði og undangengin ár (líkt og lýst er í ársskýrslu 2009).

Verkefni við skráningu manntala, undir umsjón Þjóðskjalasafns Íslands, hélt áfram árið 2010 þó upphafleg fjárveiting til þess hafi aðeins verið til ársloka 2009. Við fjárlagagerð fyrir árið 2010 lagði fjárlaganefnd Alþingis til að veitt yrði 75 milljónum til manntalsskráningarverkefnisins. Var sú ákvörðun ekki síst afurð baráttu forsvarsmanna héraðsskjalasafnanna í verkefninu og þrýstings á fjárlaganefnd. Fyrir Héraðsskjalasafnið þýddi þetta að tvö stöðugildi við manntalsskráningu viðhældust hjá safninu til ársloka.

Ráðningarsamningar starfsfólks við manntalsskráningu runnu út um áramótin 2009. Snemma árs 2010 var auglýst eftir starfsfólki í tvö stöðugildi til ársloka. Alls bárust 24 umsóknir. Svo fór að allir fjórir starfsmennirnir sem störfuðu að verkefninu við lok þess árið 2009 voru í hópi umsækjenda (en fyrirfram var óvissa um það) og fór svo að þeir fengu störf. Sigurveig Signý Róbertsdóttir og Ösp Ásgeirsdóttir hófu störf um miðjan janúar. Ösp í 75% starfi og Sigurveig í 50% starfi. Hulda Þráinsdóttir hóf störf í byrjun mars í 40% starfi og Nicole Malluschke (áður Zelle) kom til starfa eftir fæðingarorlof í aprílbyrjun í 50% starf. Vegna þess hve langan tíma tók að ná fullri mönnun í skráningarvinnunni var svigrúm til að bæta við starfsmanni við manntalsskráninguna er kom fram á haust. Þann 1. september hóf Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir störf við manntalsskráninguna í 75% starfi, en hún hafði árið 2009 leyst Nicole af meðan sú síðarnefnda tók fæðingarorlof. Í lok september lét Ösp Ásgeirsdóttir svo af störfum vegna fæðingarorlofs og í hennar stað kom Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir í 75% starf.



**Starfsfólk við manntalsskráningu í september 2010.** Frá vinstri: Sigurveig Signý Róbertsdóttir, Ösp Ásgeirsdóttir, Nicole Malluschke, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir og Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir.

Maria de Lurdes Cancela Afonso starfaði (75% starf) frá septemberbyrjun til ársloka við endurskipulagningu Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar, undir umsjón forstöðumanns. Var um að ræða sama verkefni og Beata Fabian (árið 2008) og Ösp Ásgeirsdóttir (árið 2009) höfðu áður starfað að. Maria lauk því verki í október og tók síðan til við að bæta merkingar á tímaritasafni og að því loknu vann hún að því að bæta merkingar á skjalaöskjum í geymslu Héraðsskjalasafnsins. Maria var ráðin til starfa með tilstyrk Vinnumálastofnunar.

Alls störfuðu tíu starfsmenn um lengri eða skemmri tíma hjá Héraðsskjalasafninu á árinu 2010. Auk föstu starfsmannanna þriggja störfuðu sex manns við manntalskráningu á árinu auk eins starfsmanns í reynsluráðningu á haustmánuðum. Frá septemberbyrjun til ársloka voru starfsmenn að staðaldri níu talsins.



**Starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga í september 2010.** Efri röð frá vinstri: Nicole Malluschke, Maria de Lurdes Cancela Afonso, Ösp Ásgeirsdóttir, Sigurveig Signý Róbertsdóttir, Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir og Hulda Sigurdís Þráinsdóttir. Nedri röð frá vinstri: Guðgeir Ingvarsson, Hrafnkell Lárusson og Arndís Þorvaldsdóttir.

Þrjú starfsmannafundir, fastra starfsmanna safnsins, voru haldnir á árinu (í janúar, september og desember). Líkt og áður voru fundirnir nýttir til að miðla upplýsingum og skipuleggja verkefni sem eru framundan, en til fundanna er boðað þegar tilefni þykja til.

Safnið var opið alla virka daga ársins. Ekki var ráðið fólk til sumarafleysinga heldur skiptust starfsmenn á að fara í sumarfrí. Formlegur opnunartími safnsins var frá kl. 12:00–18:00 alla virka daga. Safnið er þó í raun jafnan opið frá kl. 8:30 alla virka daga.

## Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaganna til reksturs safnsins voru alls 15.703.988,- krónur á árinu, sem var í samræmi við það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (15.705.000,-). Önnur rekstrarframlög voru 1.915.591,- sem er rúmum 300 þúsundum hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (1.596.000,-). Skýrist sá munur af örlítið hærra framlagi ríkisins en ráð var fyrirgert, en þó aðallega af því að í fjárhagsáætlun fórst fyrir að tekjufæra framlag Héraðsskjalasafnsins sjálfs til Ljósmyndasafns Austurlands. Styrkir og aðrar tekjur voru 1.494.294,- sem er ríflega helmingi meira en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (650.000,-). Þar vega þyngst greiðslur vegna skjalaskráningarverkefna, styrkur vegna yfirfærsluverkefnisins og greiðsla fyrir heimildaleit fyrir Borgarfjarðarhrepp.

Rekstrartekjur voru alls kr. 19.113.873,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 17.951.000,-

Gjaldaliðir rekstrarreikningsins hækkuðu líka eins og tekjulíðirnir. Í rekstrarreikningi ársins eru laun og launatengd gjöld kr. 12.244.096,- sem er rúmum 500 þúsundum lægra en gert var ráð fyrir (12.782.000,-). Greiðslur vegna manntalsskráningarverkefnisins voru sem fyrr færðar sem endurgreiðslur á launakostnað og virkar það til lækkunar heildarlaunakostnaðar safnsins. Rekstur húsnæðis var 1.428.207,- sem er rúmum 100.000,- hærra en áætlun sagði til um (1.300.000,-). Framlög safnsins voru alls krónur 3.177.559,- Það er tæpum 200 þúsundum hærri upphæð en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (3.009.055,-) og skýrist sá munur af því að meiru var varið til bókaþauka en áætlun gerði ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var 3.368.778,- sem er 1,4 milljón hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (1.965.000,-). Í þeim mismun vegur þyngst kostnaður við yfirfærslu á myndefni í vörslu safnsins, tæp 600 þúsund, en tekjur fengust á móti fyrir hluta þess kostnaðar. Umbúðakostnaður safnsins var 180 þúsundum hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og er það tilkomið vegna óvenju mikillar skjalaskráningar. Sömuleiðis var pappírskostnaður 180 þúsundum hærri en ráð var fyrirgert og kom það til vegna mikillar útprentunar í tengslum við manntalsskráninguna (en ekki var gert ráð fyrir því verkefni í fjárhagsáætlun). Aðrar hækkanir skýrast einkum af almennum verðlagshækkunum sem erfitt var að meta fyrirfram. Nokkur hreyfing var því á mörgum kostnaðarliðum frá fjárhagsáætlun til niðurstaðna ársreiknings.

Afskriftir voru kr. 827.496,-.

Rekstrargjöld voru alls kr. 21.046.136,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 19.883.551,-

Tekjur safnsins eftir fjármagnsliði voru krónur 17.130,- sem er rúmum 220 þúsundum lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (240.000,-)

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafnsins fyrir árið 2010 er að tap varð á rekstrinum alls að upphæð 1.915.133,- Var það rúmum 200 þúsundum meira tap en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir (1.692.551,-).

Gerð draga fjárhagsáætlunar ársins 2011 var unnin í samstarfi forstöðumanns og þáverandi formanns stjórnar Héraðsskjalasafnsins og var vinnulag svipað og viðhaft var vegna gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2010.

## Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins var með svipuðu sniði á árinu 2010 og undangengin ár. Auk hefðbundinna verka við skráningu skjala og afgreiðslu erinda hélt manntalsskráningarverkefnið áfram. Safngestir á árinu 2010 voru alls 1645, erindi sem bárust voru 329 og skjala- og myndbeiðnir voru 237.

### Verkefni við skráningu manntala

Í byrjun árs 2008 hófst, undir umsjón Þjóðskjalasafns Íslands, viðamikil verkefni við skráningu manntala og flokkun og frágang skjala. Héraðsskjalasafn Austfirðinga var eitt fimm héraðsskjalasafna sem tóku þátt í verkefninu, en hér voru skráð manntöl úr frumheimildum inn í gagnagrunn sem síðan var varpað á netið á vefslóðinni manntal.is Vinna við verkefnið í Héraðsskjalasafninu hófst í mars 2008 og stóð það ár og til loka árs 2009 er sá tími leið sem til verksins var ætlaður. Um tilkomu og framgang verkefnisins innan Héraðsskjalasafnsins er fjallað í ársskýrslum árána 2008 og 2009.

Við fjárlagagerð fyrir árið 2010 var ákveðið að veita 75 milljónum króna til verkefnisins og hélt það því áfram út það ár. Fékkst sú niðurstaða fyrst og fremst fyrir óeigingjarna baráttu héraðsskjalavaraðanna í verkefninu við að sannfæra fjárlaganefnd Alþingis um mikilvægi þess að halda verkefninu áfram (um það er nánar fjallað í ársskýslu safnsins fyrir 2009). Eftir á reis ágreiningur milli héraðsskjalavaraða í verkefninu og forsvarsmanna Þjóðskjalasafns um skiptingu þeirra fjármuna sem ríkið varði til verkefnisins. Voru fyrstu tvönn drög nýs verksamnings sem Þjóðskjalasafnið bauð óásætlanleg að mati héraðsskjalavaraða og fór svo að ekki náðist sátt um samninginn fyrr en komið var fram í mars og var hann undirritaður 17. mars. Inn í þessa deilu blandaðist tilhneiging forsvarsmanna Þjóðskjalasafns til að slá eign sinni á heiðurinn af framlengingu verkefnisins og létu þeir það ekki trufla viðleitni sína þó Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, staðfesti bréflaga skilning héraðsskjalavaraða á tildrögum ákvörðunar fjárlaganefndar.

Héraðsskjalasafnið hélt tveimur stöðugildum við manntalsskráninguna á árinu 2010 og komu alls 6 starfsmenn (allir í hlutastarfi) að verkefninu á árinu, lengst af fjórir samtímis. Starfsmennirnir í Héraðsskjalasafninu fengust á árinu einkum við innslátt manntala árána 1910 og 1920, en hið síðartalda var yngsta manntalið sem skráð var í þessu verkefni. Tæknilegir erfiðleikar við innsláttargrunn voru minna áberandi á árinu 2010 en fyrri ár verkefnisins og létti það störf starfsfólksins.

Þar sem þau manntöl sem ætluð voru til verkefnisins voru nær fullskráð við árslok 2010 og verkefnið hafði þegar staðið lengur en upphaflega var til stofnað, var ekki leitað af hálfu Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafnanna eftir frekari framlengingu þess.

### Fundir, ráðstefnur og námskeið

Eins og verið hefur fór nokkur tími starfsfólks Héraðsskjalasafnsins í fundahöld og námskeið á árinu. Voru annir vegna þessa svipaðar því sem verið hefur undanfarin ár.



Dagana 25. og 26. febrúar var blásið til fundar skjalavarða í Þjóðskjalasafni um nýja Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Á fundinum sem var í námskeiðsformi var farið yfir hvern kafla handbókarinnar fyrir sig og efni hans rätt. Ekki var annað á dagskrá fundarins.

Enginn vorfundur skjalavarða var haldinn þetta árið, en haustfundur var haldinn á Höfn í Hornafirði dagana 22. og 23. september. Á heildina litið var sá fundur mjög almenns eðlis og heldur fátt markvert sem á honum gerðist. Mikilvægi þessara funda felst enda frekar í því að nota tækifærið til að styrkja tengslin við aðra héraðsskjalaverði, fremur en að fundirnir sjálfir skili miklu. Ágætlega var staðið að fundinum af hálfu heimamanna og var fundarmönnum m.a. boðið í gönguferð um miðbæ Hafnar og í móttöku í Jöklastrinu í boði sveitarfélagsins.

Þann 23. mars tók forstöðumaður þátt í ráðstefnunni *Þekkingarnet Íslands? Draumurinn um sjálfbært þekkingarsamfélag* sem Þekkingarnet Austurlands stóð að og haldin var í húsnæði þess á Reyðarfirði. Aðalumræðuefni ráðstefnunnar var Netháskóli og efling fjar- og netnáms. Fyrirlesarar voru bæði erlendir og innlendir.

Vorfundur Austfirskrar upplýsingar var haldinn á Fáskrúðsfirði 9. apríl í húsnæði bókasafnsins þar. Aðalfundur félagsins var 29. október í húsnæði ÞNA á Egilsstöðum. Forstöðumaður var kjörinn í varastjórn félagsins á aðalfundi þess árið 2009 og sat hann tvo stjórnarfundir á árinu. Á aðalfundi félagsins 2010 var forstöðumaður endurkjörinn í varastjórn. Þann 26. apríl sat forstöðumaður námskeiðið Uppbygging safnkosts. Það fjallaði um bókasöfn og safnkost þeirra. Námskeiðið var sent út í fjarfundi og sóttu þátttakendur af Fljótsdalshéraði það í húsnæði ÞNA að Vonarlandi.

Forstöðumaður sat áfram í verkefnisstjórn ÞNA á Vopnafirði. Sú stjórn hittist á fundi í mars en þar var m.a. skrifað undir samstarfsyfirlýsingu milli Héraðsskjalasafnsins og Kaupvangs á Vopnafirði. Jafnframt var forstöðumaður gerður að ráðgjafa stjórnar byggðasöguritsins Múlaþings og mætti hann sem slíkur á einn fund stjórnar (í nóvember).

Af öðrum fundum sem forstöðumaður sótti á árinu má telja fund um stefnumótun í menningarmálum Fljótsdalshéraðs sem haldinn var í lok mars, og fund í Safnaklasa Austurlands sem haldinn var í apríl. Einnig mætti forstöðumaður á fund stjórnar Menningarráðs Austurlands þann 12. maí, að beiðni stjórnar Menningarráðs. Þar ræddi forstöðumaður við stjórn um úthlutun styrkja og áherslur við hana en að lokinni síðustu úthlutun styrkja hafði forstöðumaður ritað stjórn Menningarráðs bréf og gert athugasemdir við ósamræmi milli úthlutana og fyrirfram gefinna viðmiða stjórnar. Í framhaldi af stjórnarfundinum var ráðstefna um Menningarmál á Eiðum undir yfirskriftinni *Skapandi framtíð – menning, færni, menntun*.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) var haldinn í Stykkishólmi dagana 29. september til 1. október. Forstöðumaður sótti farskólann fyrir hönd safnsins, en þema hans þetta árið voru erlend áhrif. Fluttir voru fyrirlestrar, hópar fjölluðu um afmörkuð efni og skoðuð voru söfn á Vesturlandi. Í ferðinni gafst forstöðumanni m.a. tækifæri til að heimsækja héraðsskjalasafnið í Borgarnesi.

Forstöðumaður sótti á vormánuðum um fjarnám (diplómanám á MA-stigi) í safnafræðum við Háskóla Íslands. Hann tók eitt námskeið á haustönn meðfram starfi

sínu og lauk því um áramót. Stjórn safnsins studdi forstöðumann í náminu með því að samþykkja að safnið greiddi ferðakostnað vegna einnar ferðar til Reykjavíkur vegna þess.

Dagana 12. og 15. mars sótti forstöðumaður námskeið um skjala- og upplýsingastjórn í stofnunum sem haldið var í húsnæði Endurmenntunar Háskóla Íslands. Það námskeið var í umsjón Jóhönnu Gunnlaugsdóttur prófessors í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands.

### **Samstarf héraðsskjalavarða**

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi var stofnað í mars árið 2009 og hefur það frá stofnun verið helsti vettvangur samstarfs héraðsskjalavarða. Forstöðumaður hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess.

Samskipti stjórnar Félags héraðsskjalavarða eru einkum á símafundum og voru þeir nokkuð á þriðja tuginn á árinu. Fyrsta viðfangsefni stjórnar á árinu var að koma af stað átaki við söfnun skjala sóknarnefnda, í samvinnu við Biskupsstofu. Því átaki var hrint af stað með formlegum hætti 3. febrúar, með þátttöku biskups Íslands og fulltrúa héraðsskjalavarða. Töluvert af skjölum sóknarnefnda skilaði sér til safnsins í gegnum átakið en því var þó ekki síst ætlað að vekja sóknarnefndir til umhugsunar um mikilvægi þeirra skjala sem verða til hjá þeim.

Annað stórt mál sem stjórnin lét sig varða var ný handbók um skjalavörslu sveitarfélaga og reglur um rafræna skjalavörslu sem hvort tveggja var unnið að forlagi Þjóðskjalasafns. Héraðsskjalaverðir höfðu margvíslegar athugasemdir við handbókina sem flestum bar þó saman um að væri til mikilla bóta þrátt fyrir vankanta. Reglur um rafræna skjalavörslu voru þó enn umdeildari, en Þjóðskjalasafn setti þær reglur um mitt ár þrátt fyrir mjög ákveðna gagnrýni héraðsskjalavarða á forsendur þeirra og efasemdir um að reglurnar þjónuðu þeim tilgangi sem þeim var ætlaður. Vegna handbókarinnar og reglnanna um rafræna skjalavörslu sendu héraðsskjalaverðir skrifleg erindi til ráðuneyta sveitarstjórnarmála og mennta- og menningarmála sem og til Þjóðskjalasafns, þar sem reglusetningunum var mótmælt, bent var á vankanta við þær og mögulegar afleiðingar af þeim. Þann 18. ágúst boðaði stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns og þjóðskjalavörður stjórn Félags héraðsskjalavarða til fundar um handbókina og reglur um rafræna skjalavörslu (sem tóku gildi fáeinum dögum síðar). Fundinn sátu einnig nokkrir starfsmenn Þjóðskjalasafns. Forstöðumaður tók þátt í fundinum í gegnum síma. Fundurinn hafði óljósan tilgang þar sem málin voru þegar frágengin af hálfu Þjóðskjalasafns. Virtist tilgangurinn með fundinum helst sá að nota hann sem átyllu fyrir Þjóðskjalasafn til að komast hjá því að svara skriflegu erindi héraðsskjalavarða.

Þann 9. júní hélt félagið námskeið fyrir félagsmenn um skjalavörslu í leik- og grunnskólum og um tölvukerfið Mentor. Námskeiðið var sent út í fjarfundarbúnaði en fyrirlesarar voru allir á Selfossi. Þátttakendur á námskeiðinu voru alls 19 talsins. Á almennum símafundi héraðsskjalavarða í september var svo ákveðið að stefna að samstilltu átaki varðandi skjalavörslu grunnskóla með þátttöku skólastjóra og annarra starfsmanna þeirra sem fást við skjalamál.

Í byrjun október hafði forstöðumaður forgöngu að því að héraðsskjalaverðir mótmæltu í sameiningu 50% niðurskurði framlaga ríkisins til héraðsskjalasafna sem boðuð voru í frumvarpi til fjárlaga ársins 2011 sem þá var nýlega komið fram. Héraðsskjalaverðir landsins sendu sameiginlegt erindi til fjárlaganefndar vegna þessa og fylgdi forstöðumaður því eftir með fundi með ráðherra og embættismönnum í mennta- og menningarmálaráðuneytinu 21. október. Niðurstaðan málsins varð þó sú að boðaður niðurskurður var látinn standa.

Þann 13. desember var haldinn almennur símafundur félagsins með þátttöku vel flestra starfandi héraðsskjalavarða. Umræðuefni fundarins voru drög að frumvarpi til nýrra laga um Þjóðskjalasafn Íslands sem þá höfðu verið birt á vefsíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Félagið sendi sameiginlegar athugasemdir til ráðuneytisins vegna draganna. Einnig sendu einstakir héraðsskjalaverðir ítarlegri athugasemdir vegna þessa, þ.á m. sendi forstöðumaður ráðuneytinu athugasemdir fyrir hönd Héraðsskjalasafns Austfirðinga.

### **Safnrými og skjalageymslur**

Í rekstri héraðsskjalasafns eru geymslumálin í stöðugri þróun og ávallt þarf að leita leiða til að nýta sem best það húsnæði sem er til ráðstöfunar, enda starfsemin þess eðlis að sífellt bætist við það sem varðveitt er í geymslum safnsins. Á árinu 2010 urðu umtalsverðar breytingar varðandi geymsluhúsnæði Héraðsskjalasafnsins og náðist verulegur árangur við að létta á þeim þrengslum sem þar hafa verið undanfarin ár.

Mikil breyting er orðin á aðgengi að bókum safnsins vegna þeirrar endurskipulagningar sem framkvæmd hefur verið undanfarin þrjú ár, með því að fjarlægja úr hillunum smárit, skýrslur og gamlar bækur og leggja í öskjur. Við þessa vinnu hefur skapast umtalsvert rými í bókahillum auk þess sem betur fer um safnkostinn. Það sem tekið hefur verið út og lagt í öskjur hefur á hinn bóginn þurft töluvert rými þar sem því var komið fyrir í skjalageymslu safnsins í húsnæði þess í Laufskógum, en alls eru öskjurnar rétt ríflega 200 talsins. Bættar merkingar á tímarita-hylkjum auðvelda einnig leit í safninu.

Á árinu var lager byggðasöguritsins Múlaþings fluttur úr húsnæði Héraðsskjalasafnsins og skapaðist nokkuð geymslupláss við það. Enn rýmkaðist í ágústmánuði þegar stórt einkabókasafn sem Héraðsskjalasafnið hafði skotið skjólshúsi yfir fyrir allnokkrum árum síðan var fjarlægt úr geymslum safnsins. Með þeim flutningi fór úr geymslunum það síðasta sem þar var vistað fyrir utanaðkomandi aðila.

Margt bættist þó við í geymslur safnsins. Auk skjala- og mynda sem afhent voru á árinu barst safninu stór skjalasending í byrjun árs. Um áramótin 2009-2010 lokaði Fjarðabyggð skrifstofu sveitarfélagsins í Neskaupstað. Þar var aðalskjalageymsla sveitarfélagsins til húsa og í henni varðveitt umtalsvert magn skjala, sem að mestum hluta voru skráð af starfsmanni Héraðsskjalasafnsins á árunum 2006-2009. Þessi skjöl voru því tilbúin til varanlegrar geymslu. Í janúar var meirihluti skjalanna sem áður voru í skjalageymslu Fjarðabyggðar í Neskaupstað flutt til Héraðsskjalasafnsins og komið fyrir í skjalageymslu safnsins í Laufskógum. Alls komu 253 skjalaöskjur (nær allt svokallaðir

bankakassar – stórar öskjur) til Héraðsskjalasafnsins og bættust þannig á einu bretti alls 44 hillumetrar við skjalamagnið í geymslum safnsins. Það sem ekki kom til Héraðsskjalasafnsins verður varðveitt tímabundið í geymslu Bókasafnsins í Neskaupstað.

Snemma árs 2010 var farið að ýja að því af hálfu Fljótsdalshéraðs að brátt myndi sveitarfélagið þurfa að taka til annarra nota það rými í húsnæði sínu að Lyngási 12 sem hýst hafði fjargeymslu Héraðsskjalasafnsins. Formlegt bréf með uppsögn á samningi um geymsluna barst svo í október. Í apríl losnaði skjalageymsla útibús Arion banka á Egilsstöðum. Forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins setti sig í samband við forsvarsmenn bankans og leiddu þær umleitanir til þess að gerður var samningur síðla árs um leigu Héraðsskjalasafnsins á umræddri geymslu. Hún er þokkalega rúmgóð, vel búin hillum, nálægt Safnahúsinu og er á jarðhæð. Má með sanni segja að um sé að ræða mun betra húsnæði en geymsluna á Lyngási en vissulega nokkru dýrari. Eftir beiðni þar um staðfesti Þjóðskjalasafn að skjalageymslan í Arion banka uppfyllti þær kröfur sem gerðar væru til slíkra geymslna. Strax í kjölfar þess að gengið var frá samningi um leigu Héraðsskjalasafnsins á geymslunni í Arion banka hófust flutningar af Lyngási þangað. Þeir reyndust umfangsmiklir og tímafrekir en með tilliti til fjárhags safnsins og annarra aðstæðna sá forstöðumaður nær alfarið um flutningana sjálfur. Þeim var ekki lokið um áramót.

### **Samskipti við sveitarfélög, stofnanir og félög**

Það er ótvírætt einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi byggðasamlags eins og Héraðsskjalasafnsins að halda góðu tengslum við aðildarsveitarfélög samlagsins. Í þessu skyni er leitast við að viðhalda reglulegum samskiptum við stjórnýslu sveitarfélaganna og eru reglulegar heimsóknir til þeirra orðinn fastur liður í starfi forstöðumanns.

Líkt og verið hefur eru samskipti safnsins mest við stærstu sveitarfélögin tvö, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð. Það skýrist einkum af því að stjórnýsla þeirra er mun umfangsmeiri en annarra sveitarfélaga á svæðinu. Flutningur skjala Fjarðabyggðar frá Neskaupstað (sem getið er í kaflanum hér á undan) kallaði á mikil samskipti milli sveitarfélagsins og Héraðsskjalasafnsins. Einnig kom Héraðsskjalasafnið að vinnu við endurskoðun á málalykli Fjarðabyggðar, en unnið hafið verið samkvæmt bráðabirgðamála lykli frá 2009. Forstöðumaður samþykkti endurskoðaðan málalykil sveitarfélagsins í desember og tók hann gildi 1. janúar 2011.

Síðsumars hófst skjalaskráningarverkefni fyrir Fljótsdalshérað og um svipað leyti heimsótti Björn Ingimarsson, nýr bæjarstjóri sveitarfélagsins, safnið. Auk þessa skjalaskráningarverkefnis voru skráð skjöl fyrir Þróunarfélag Austurlands og Atvinnuþróunarsjóð á árinu. Starfsstöð Ríkisútvarpsins á Austurlandi skilaði einnig nokkru af skjölum til Héraðsskjalasafnsins, en þau skjöl komu frágengin.

Ágætt samstarf Héraðsskjalasafnsins og UÍA hélt áfram á árinu og var safnið UÍA innan handar, bæði varðandi fagleg og tæknileg mál, við skráningu á ljósmyndum sambandsins.

Um áramótin 2010-2011 fluttust málefni Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Við þessa breytingu þurfti skrifstofan á Egilsstöðum m.a. að afhenda

skjöl til Þjóðskjalasafns. Að ósk starfsmanna Svæðisskrifstofunnar leiðbeindi forstöðumaður starfsmönnum um frágang og skráningu skjala stofnunarinnar.

Samstarf Héraðsskjalasafnsins og Þekkingarnets Austurlands (PNA) hefur verið með ágætum undanfarin ár. Með hliðsjón af þeirri reynslu undirrituðu Héraðsskjalasafnið og Kaupvangur á Vopnafirði samstarfsyfirlýsingu í mars. Í henni fólst m.a. vilji til samstarfs um sýningar, um söfnun skjala- og ljósmynda og um upplýsingagjöf og þjónustu.

### **Málefni Safnahússins**

Undirbúningsvinna vegna fyrirhugaðrar framtíðaruppbyggingar Safnahússins stöðvaðist árið 2008 og gerðist fátt í þeim efnum árið 2009. Snemma árs 2010 tók málið nýja stefnu þegar þáverandi yfirvöld í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði ráðgerðu að flytja Bókasafn Héraðsbúa úr Safnahúsinu og sameina það bókasafni grunnskóla Egilsstaða. Gengið var út frá því að Minjasafnið og Héraðsskjalasafnið tækju við húsnæði Bókasafns Héraðsbúa eftir fyrirhugaða flutninga og var forstöðumanni Héraðsskjalasafnsins og safnstjóra Minjasafnsins falið að vinna tillögur að nýtingu á húsnæðinu. Þær tillögur komu um vorið til umfjöllunar í stjórnnum beggja safnanna. Í kjölfar sveitarstjórnkosninga og meirihlutaskipta á Fljótsdalshéraði var í júlí ákveðið að fresta flutningi Bókasafns Héraðsbúa til áramóta. Í ágúst var blásið til fundar um málefni Safnahússins með yfirmönnum í húsinu og bæjarfulltrúum á Fljótsdalshéraði. Var sá fundur hugsaður til upplýsingar og skoðanaskipta og voru engar ákvarðanir teknar þar. Þegar kom fram á haust varð hins vegar ljóst að ekkert yrði af flutningum Bókasafnsins.

Í aðdraganda sveitarstjórnkosninga vorið 2010 fóru forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins og safnstjóri Minjasafnsins og hittu forsvarsmenn allra framboðslista á Fljótsdalshéraði og ræddu við þá um málefni Safnahússins og starfsemina í húsinu. Að loknum kosningum fengu forystumenn A-lista og B-lista að nota flötina fyrir neðan Safnahúsið sem vettvang til að skrifa formlega undir samkomulag um meirihlutasamstarf þessara tveggja lista í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs.

Milli jóla og nýárs 2009 gaf sig element í loftræsti- og hitakerfi Safnahússins. Afleiðing þess var sú að loka þurfti fyrir upphitun þess hluta hússins sem hýsir Héraðsskjalasafnið. Leiddi það til þess að hitastig í Héraðsskjalasafninu var á bilinu 15-18°C fyrstu vikuna á nýju ári. Hafði það eins og við má búast nokkurn kostnað í för með sér auk ýmissa óþæginda á meðan beðið var eftir nýju elementu.

Loftræsti- og hitakerfi hússins þurfti að vanda töluvert viðhald á árinu. Þrátt fyrir það er sem fyrr erfitt að stjórna hita- og rakastigi í húsinu og loftgæði eru ekki sem skyldi. Úttekt var gerð á öryggiskerfi hússins og var framkvæmt á því löngu tímært viðhald.

Seint á árinu 2009 var sagt upp samningi Húsfélags Safnahússins við Veidikofann ehf. um ræstingar í Safnahúsinu. Lauk uppsagnarfresti samningsins í lok febrúar 2010. Að undangenginni auglýsingu var Heidi Ösp Árnadóttir ráðin í 40% starf við ræstingar í Safnahúsinu. Varð það að samkomulagi að húsið væri ræst á morgnana á virkum dögum og er samdóma álit yfirmanna safnanna í húsinu að ræsting þess batnaði umtalsvert við breytinguna. Jafnframt var tekin upp sorpflokkun í Safnahússins (þriggja tunnu kerfi) í samræmi við breytingar sem orðið höfðu á sorphirðu hjá Fljótsdalshéraði. Smávægilegur

kostnaður féll til við kaup á tækjum og búnaði þegar fyrirkomulagi ræstinganna var breytt en rekstrarkostnaður við þær var svipaður eftir breytinguna.

### Ýmislegt

Í janúar kynnti forstöðumaður starfsemi Héraðsskjalasafnsins í Kaupvangi á Vopnafirði samhliða því að hafa þar umsjón með námskeiði í skráningu heimilda.

Í maímánuði var ráðist í verkefni við að yfirfæra myndefni frá Austfirski sjónvarpsfélaginu og frá starfsstöð Stöðvar 2 á Austurlandi af vinnsluspólum yfir á stafrænt form. Vegna þessa var samið við fyrirtækið HS Tókatakni ehf., en að því standa Hjalti Stefánsson og Heiður Ósk Helgadóttir sem hafa langa reynslu af myndvinnslu fyrir sjónvarp og kvikmyndir.

Fyrir rúmum áratug síðan var umrætt myndefni (alls 17 kassar fullir af spólum) afhent Héraðsskjalasafninu til varðveislu og hafði það legið óhreyft síðan. Meginhluti efnisins er frá árunum 1987-1995, en um er að ræða bæði fréttá- og dagskrárefni sem ekki er varðveitt annarsstaðar. Markmiðið með verkefninu var að afrita efni spólanna yfir á stafrænt form (DVD), með tvíþættan tilgang í huga, þ.e. að varðveita með tryggari hætti þau menningarverðmæti sem spólurnar geyma og bæta aðgengi að efninu. Leitað var eftir styrkjum, m.a. frá Atvinnuþróunarsjóðnum Fjárafli og frá Menningarráði Austurlands en hvorugur sá aðili fékkst til að styrkja verkefnið. Svo fór að lokum að Áhugahópur um austfirski sagnfræði styrkti verkefnið um 275.000,- krónur.

Ljóst er að með þessu verkefni hefur verið opnuð mikil heimildanáma um austfirskt samfélag á þeim tíma sem efnið nær til og er ávinningurinn af þessu verkefni ótvíræður. Jafnframt eiga þau Heiður Ósk og Hjalti þakkir skyldar fyrir vönduð vinnubrögð, ekki síst fyrir góða efnisskrá sem fylgir nú þessu myndefni.

Á Ormsteiti, bæjarhátíð Fljótaldalshérað, var svo haldin sýning á völdum köflum úr því myndefni sem fært var á stafrænt form í þessu verkefni.

## Sýningar, útgáfustarf o.fl.

Sú hefð hefur skapast í Safnahúsinu að samstarf sé jafnan haft um viðburði og sýningar í húsinu. Svo var einnig í ár en þó var minni kraftur í sýningahaldi en stundum áður, en fyrir því voru einkum efnahagslegar ástæður. Samkvæmt venju voru föstu liðirnir fyrirferðarmestir í þessum hluta starfs safnanna.

### Sýningar, viðburðir og hátíðahöld

Líkt og árið 2009 var í byrjun árs leitað til Ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands um að fá lánaða sýningu. Þjóðminjasafnið lánaði sýninguna *Drækkun þroski þrá*, en þar var hún til sýnis á vormánuðum 2009. Sýningin var sett upp á öllum hæðum Safnahússins. Hún opnaði 4. febrúar og stóð til loka september. *Drækkun þroski þrá* fjallar um börn við vinnu á sjó og í landi og byggir á stærri rannsókn sem Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur vann. Sýningin vakti verulega athygli, ekki síst ferðamanna sem komu í Safnahúsið yfir sumartímann, en einnig komu skólahópar í Safnahúsið gagngert til að skoða sýninguna.

Framlag Héraðsskjalasafnsins til bæjarhátíðarinnar Ormsteitis þetta árið var sýningin *Austurland fyrir 20 árum*. Hún innihélt valin myndskreið úr safni Austfirska sjónvarpsfélagsins og útibús Stöðvar 2 á Austurlandi. Þessi sýning var afurð yfirfærsluverkefnisins sem ráðist var í á vormánuðum (sjá kaflann hér á undan) og sá Heiður Ósk Helgadóttir um að kynna það sem fyrir augu bar. Áður en dagskráin hófst kynnti forstöðumaður tildrög verkefnisins og gerði grein fyrir útkomunni. Alls mættu 55 manns á þennan viðburð.

Laugardaginn 13. nóvember var flutt í Safnahúsinu dagskráin *Kæru blustendur*. Umsjón með þeirri dagskrá höfðu Arndís Þorvaldsdóttir og Áslaug Sigurgestsdóttir en tilefnið var að 80 ár voru liðin frá því á Ríkisúvarpið hóf göngu sína. Sér til fulltingis höfðu Arndís og Áslaug bæði lesara og tónlistarfólk, en leitast var við að endurvekja stemmingu fyrri tíðar í tali og tónum. Um 40 gestir mættu á þennan viðburð.

Þann 2. desember var hin árlega Bókavaka Safnahússins á Egilsstöðum haldin. Þetta var í þriðja sinn sem Bókavakan er haldin frá því að þessi viðburður var endurreistur árið 2008. Frá þeim tíma hefur áherslan verið lögð á austfirsku útgáfu en yfirskrift Bókavökunnar hefur verið „Austfirsk útgáfa í öndvegi“. Fimm höfundar/aðstandendur austfirskra bóka komu og lásu upp úr verkum sínum. Aðrar austfirskar bækur voru kynntar lauslega. Kynnir á bókavökunni var Jóhanna Hafliðadóttir, sem í ágúst 2010 tók við sem forstöðukona Bókasafns Héraðsbúa.

### Útgáfustarf og kynning

Jólaort ársins 2010 var helgað Nönnu Guðmundsdóttur frá Berufirði. Nanna helgaði barnakennslu í Berufirði stærstan hluta ævi sinnar, en lét einnig til sín taka á öðrum sviðum. Nanna þótti afar fróð bæði um sögu og náttúru. Hún lést árið 1988 og að henni

látinni var ákveðið að koma upp safni í Berufirði í minningu hennar. Nönnusafn geymir auk gamalla muna, bóksafn Nönnu og persónulega muni hennar. Það var Guðgeir Ingvarsson sem ritaði æviágrip Nönnu sem birtist í kortinu. Upplag kortsins var 250 stk.

Á haustmánuðum sendi Héraðsskjalasafnið reglulega pistla í Bóndavörðuna, staðarblað Djúpavogshrepps. Kom það til vegna beiðni sveitarstjóra hreppsins um efni frá safninu sem um leið gat notað tækifærið og kynnt starfsemi sína í sveitarfélagi sem stendur á jaðri starfssvæðis safnsins.



## Ljósmyndasafn Austurlands

Starfsemi Ljósmyndasafnsins var með hefðbundnu sniði á árinu og voru skráning ljósmynda og afgreiðsla myndbeiðna að vanda fyrirferðarmestar í starfinu. Þó urðu ákveðin tímamót í sögu safnsins á árinu þegar fulltrúar eigenda þess, sem eru Héraðsskjalasafnið, Minjasafn Austurlands og Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), undirrituðu samning um Ljósmyndasafnið.

Tímamótin sem þetta markar eru þau að enginn skriflegur samningur var áður til um safnið og því var umgjörð þess bundin að miklu leyti við þekkingu starfsmanna og þær hefðir sem skapast hafa. Raunar hefur góð sátt ríkt um ljósmyndasafnið og því minni hvati verið að formbinda starfsemi þess. Samningurinn endurspeglar þá stöðu því hugmyndin að baki hans var að koma á blað þeim meginreglum sem safnið hefur starfað eftir. Einnig var stuðst við óársett drög að samningi um Ljósmyndasafnið sem líklega voru gerð í árdaga þess en voru aldrei fullkláruð.

Sem fyrr var Ljósmyndasafnið áberandi á vefsíðu Héraðsskjalasafnsins. Þrjár myndasýningar voru settar á vefinn á árinu, hver með um 30 myndum og textum við hverja mynd.

Fyrsta sýning ársins birtist í maí og bar hún það viðeigandi heiti *Vorsýning*. Hún innihélt fjölbreytt efni m.a. frá skíðamóti Austurlands sem haldið var á Fagradal í byrjun áttunda áratugar 20. aldar. En einnig voru á sýningunni myndir úr þremur seyðfirskum einkasöfnum en þar var um að ræða myndir úr fótum Guðjóns Sæmundssonar, Pálinu Waage og Vilbergs Sveinbjörnssonar.

Í byrjun ágústmánaðar kom önnur sýning ársins á vefinn. Hún nefndist *Austfirskear fréttir* og var eins og nafnið ber með sér helguð fréttamyndum, frá árabílinu 1985-2004. Fer í sýningunni mest fyrir myndum úr ljósmyndasafni Vikublaðsins Austra en einnig eru á sýningunni myndir frá Kaupfélagi Héraðsbúa og Ríkisútvarpinu á Austurlandi.

Að venju var svo síðasta sýning ársins *Jólasýning* og kom hún á vefinn um miðjan desember. Sýningin var að þessu sinni helguð fjölskyldumyndum og hópmyndum. Tíminn sem myndirnar eru frá spannar u.þ.b. heila öld og eru elstu myndirnar teknar á síðasta tugi 19. aldar og sú yngsta í byrjun tíunda áratugar 20. aldar.

Arndís Þorvaldsdóttir hafði sem fyrr veg og vanda af gerð allra sýninganna og ritun myndatexta. Hún naut aðstoðar Sólveigar Sigurðardóttur, bókvarðar á Seyðisfirði, við gerð Vorsýningarinnar. Að venju sá forstöðumaður um frágang myndanna í umsjónarkerfi vefsins.

## Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Enginn fundur stjórnar Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur var haldinn á árinu. Þó voru málefni Bókasafnsins meira í deiglu þetta ár en mörg árin undan og komu málefni þess til umfjöllunar á öllum stjórnarfundum Héraðsskjalasafnsins á árinu.

Á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins 26. nóvember 2009 voru lögð fram og samþykkt drög að nýjum reglum fyrir Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar. Þeim drögum var í framhaldinu vísað til stjórnar Bókasafnsins og voru þau send formanni Bókasafnsstjórnarinnar, Halldóri Árnasyni, sem jafnframt var fulltrúi gefenda í stjórninni. Einnig voru drögin send aðildarsveitarfélögum Héraðsskjalasafnsins og lýstu í framhaldinu sex af átta sveitarfélögum stuðningi við þau og mæltust til að þau yrðu fullgilt.

Þann 21. janúar var haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum samráðsfundur um málefni Bókasafnsins. Til þess fundar voru stjórnarmenn og varamenn í stjórn Héraðsskjalasafnsins og Bókasafnsins boðaðir. Fyrir fundinum lágu drögin að nýjum reglum Bókasafnsins sem aðalfundur Héraðsskjalasafnsins hafði samþykkt tæpum tveimur mánuðum fyrr. Á fundinum flutti forstöðumaður stutt erindi um stöðu Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar innan Héraðsskjalasafnsins. Í kjölfar þess kom Halldór Árnason, fulltrúi gefenda, í ræðustól og flutti langt og ítarlegt erindi sem einkum fjallaði um tildrög bókgjafarinnar árið 1974 en jafnframt lagði hann fram sína eigin útgáfu af reglum fyrir Bókasafnið sem í aðalatriðum byggðu á eldri reglum þess. Töluverðar umræður urðu eftir framsöguerindin og virtust viðstaddir, að fulltrúa gefenda frátöldum, vera á því að byggja bæri á regludrögum þeim sem aðalfundur Héraðsskjalasafnsins hafði samþykkt. Engin niðurstaða varð af fundinum en í lok hans var skipuð fimm manna nefnd sem falið var að fjalla frekar um málið. Í hana voru skipaðir Björn Aðalsteinsson, Magnús Stefánsson og Ólafur Eggertsson úr stjórn Héraðsskjalasafnsins og Halldór Árnason og Ólafur Sigurðsson úr stjórn Bókasafnsins.

Ákveðið var að nefndin hittist á fundi 18. mars. Fulltrúar Héraðsskjalasafnsins í nefndinni áttu dagana á undan tvo símafundi til að undirbúa fund nefndarinnar. Á símafundunum ákváðu fulltrúar Héraðsskjalasafnsins að varpa regludrögum sem samþykkt voru á aðalfundi fyrir róða og leggja drög fulltrúa gefenda til grundvallar nýjum reglum um Bókasafnið. Forstöðumaður mótmælti þessari málsmeðferð.

Fundur nefndarinnar var að morgni 18. mars í Safnahúsinu. Á hann voru mættir þeir sem skipaðir voru af samráðsfundinum 21. janúar. Málin voru rædd án þess að ákvörðun væri tekin en þó var augljós breyting frá samráðsfundinum í janúar að því leyti að meirihluti nefndarinnar lagði nú regludrög fulltrúa gefenda til grundvallar. Þá kúvendingu sætti forstöðumaður sig ekki við og ritaði hann fulltrúaráðsmönnum bréf um málið í framhaldi fundarins þar sem hann fór yfir málið frá sínu sjónarhorni.

Þann 20. apríl var haldinn símafundur fulltrúa Héraðsskjalasafnsins í nefndinni. Fyrir þeim fundi lágu ný drög að reglum Bókasafnsins sem fulltrúi gefenda hafði unnið. Fundarmenn, að forstöðumanni undanskildum, lýstu almennri ánægju með drögin þrátt

fyrir harða andstöðu forstöðumanns og gagnrýni á bæði málsmeðferð og innihald. Eftir fundinn ritaði forstöðumaður fulltrúaráðsmönnum Héraðsskjalasafnsins tölvubréf þar sem hann tindi til mörg atriði varðandi drögin sem hann taldi gagnrýnisverð.

Á fundi stjórnar Héraðsskjalasafnsins þann 8. júní lagði formaður stjórnar þess fram drög að nýjum reglum Bókasafnsins (þau sömu og rætt var um á símafundinum 20. apríl). Forstöðumaður gagnrýndi drögin og kom til harðra skoðanaskipta milli hans og þeirra stjórnarmanna sem sátu í nefndinni vegna Bókasafnmálsins. Einkum gagnrýndi forstöðumaður áður nefnda stjórnarmenn fyrir að hafa látið vinna lögfræðialit á framlagðri tillögu án vitundar sinnar eða þeirra stjórnarmanna sem ekki voru í nefndinni, en fyrri lögfræðialit sem unnið hafði verið vegna sama máls var framkvæmt eftir samþykkt stjórnarfundar þess efnis. Einnig var gagnrýnt að stjórn Bókasafnsins hefði enga aðkomu haft að málinu, eingöngu hefði verið rætt við fulltrúa gefenda. Niðurstaða fundarins varð sú að regludrögin sem formaður lagði fram voru samþykkt og skrifaði formaður stjórnar og fulltrúi gefenda undir þau í júlí.

Í lok ágúst ritaði forstöðumaður bréf til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þar sem hann óskaði eftir því að SSA beitti sér í bókasafnmálinu og þrýsti á stjórn Héraðsskjalasafnsins að taka það upp vegna augljósra galla á málsmeðferð þess og margvíslegra ágalla á gjörningnum sjálfum. Svar stjórnar SSA barst 20. september en í því er lýst stuðningi við regludrögin sem aðalfundur Héraðsskjalasafnsins árið 2009 samþykkti og sex af átta sveitarfélögum lýstu stuðningi við. Jafnframt lýsti stjórn SSA þeirri skoðun að reglurnar sem samþykktar voru í júlí þyrfti að leggja fyrir aðalfund fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins til staðfestingar og einnig væri eðlilegt að þau kæmu til umsagnar sveitarfélaganna fyrir þann tíma. Bréf SSA var tekið fyrir á stjórnarfundum Héraðsskjalasafnsins 14. október og var formanni og ritara þar falið að svara því.

Lokaumfjöllun ársins um þetta mál varð svo á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins sem haldinn var á Fáskrúðsfirði þann 25. nóvember. Aðalfundur hafnaði reglunum sem stjórn hafði samþykkt í júní og gerði þess í stað aðalfundarsamþykkt um stöðu Bókasafnsins innan Héraðsskjalasafnsins sem komi í stað fyrri reglusetninga um Bókasafnið. Hlaut sú afgreiðsla málsins yfirgnæfandi samþykki á aðalfundinum.

Af starfsemi Bókasafnsins á árinu er helst að telja að Maria de Lurdes Cancela Afonso starfaði frá septemberbyrjun og fram eftir hausti við endurskipulagningu Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og lauk því verki sem unnið hafði verið að haustin 2008 og 2009. Jafnframt bætti Maria merkingar á tímaritasafninu en þær breytingar auðveldu mjög leit í þeim safnhluta.

Áfram var haldið að skrá upplýsingar um fjölda gesta sem koma í safnið og nýta safnkost Bókasafnsins. Varð niðurstaða þeirrar talingar sú að á árinu nýttu 363 gestir sér Bókasafnið, en gestafjöldi ársins var 1645. Alls varði forstöðumaður 179 vinnustundum í umsjón og umhirðu Bókasafnsins á árinu.

Alls voru Bókasafninu gefnar 18 bækur á árinu og komu þær frá átta einstaklingum. Safninu var gefið mikið af tímaritum á árinu, alls 23 tímaritstitlar.

## Lokaorð

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2010 litaðist mjög af málefnum Bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og átaka vegna þess. Flestum ber saman um að löngu hafi verið orðið tímabært að huga að umgjörð Bókasafnsins þar sem reglusetningar um það voru að verulegu leyti úreltar og úr takti við samtímamann. Efnahagserfiðleikar síðustu ára drógu einnig skýrt fram þá staðreynd að ekki gekk lengur að þessi hluti Héraðsskjalasafnsins lifði sjálfstæðu efnahagslífi, án nokkurs tillits til hags stofnunarinnar. Af þessu máli í heild má draga ýmsan lærdóm en kannski þann helstan að mikilvægt er að stofnanir eins og Héraðsskjalasafnið séu ótruflaðar af utanaðkomandi afskiptum á stjórnun sína. Þær þurfa að vera sjálfum sér ráðandi og ekki vera í starfi sínu skuldbundnar af öðru en hlutverkum sem skilgreind eru í lögum og stofnsamþykkt safnsins.

Umfang starfsemi Héraðsskjalasafnsins hefur aldrei verið meira en á þessu ári sem sést best í fjölda starfsmanna á árinu. Manntalsverkefnið og umsvifin sem hafa fylgt því gefa aukinn kraft inn í starfsemina og undirstrika einnig getu stofnunarinnar til að takast á við fjölbreyttari verkefni en daglegan rekstur. Þrengsli í húsnæði safnsins munu þó að óbreyttu torvelda því að safnið geti tekið að sér aukin verkefni.

Á árinu komust geymslumál safnsins í betra horf en þau hafa verið. Safnið losnaði á árinu við ýmis gögn úr geymslum sínum sem þar voru vistuð fyrir aðra og tilheyrðu ekki safnkosti þess. Mestur munurinn var þó af því að fá mun betri fjargeymslu en safnið hafði áður aðgang að. Þessi mál verða þó áfram í deigluinni í starfsemi safnsins enda bætist sífellt í skjalageymslurnar.

Margþættur árangur náðist í starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2010, en þó eru verkefnið næg eftir sem áður. Stofnunin er í brýnni þörf fyrir aukið húsrými, meira fjármagn og aukinn mannafla. En meðan efnahagur sveitarfélaganna er enn að takast á við afleiðingar hrunsins 2008 er ólíklegt að hægt verði að mæta þessum þörfum.

*Hrafnkell Lárusson*  
*forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga*